



Jafnrétti í vísifjármögnun

Tölfræði vísisjóða á Íslandi

—
Júní 2023



Skýrsla þessi er unnin af KPMG í samráði og samtarfi við stjórn Framvís, samtaka vísisjóða á Íslandi.

Tengiliðir

Ásgeir Skorri Thoroddsen

Partner hjá KPMG ehf.
athoroddsen@kpmg.is

Svava Björk Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri Framvís
framvis@framvis.is

Sigurður Arnljótsson

Stjórnarformaður Framvís
sa@brunnurventures.com

Skýrsla þessi inniheldur upplýsingar frá vísisjóðum sem eru meðlimir Framvís, samtaka vísifjárfesta á Íslandi, auk upplýsinga frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

KPMG ber ekki ábyrgð á því að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar.

Vinnan er byggð á gögnum frá meðlimum Framvís og stjórn Framvís. Jafnframt öfluðu KPMG og Framvís upplýsinga úr ýmsum opinberum skýrslum og fræðigreinum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á, en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem verða teknar á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum þeirra er að málinu kunna að koma.



Skilgreiningar

Heiti	Skilgreining
Blönduð teymi	Teymi eða félög sem vísisjóðirnir hafa fjárfest í og innihalda bæði kvenkyns og karlkyns stofnendur.
Karlateymi	Teymi eða félög sem vísisjóðirnir hafa fjárfest í og innihalda einungis karlkyns stofnendur.
Kvennateymi	Teymi eða félög sem vísisjóðirnir hafa fjárfest í og innihalda einungis kvenkyns stofnendur.
Vísisjóðir	Þeir sjóðir sem veittu upplýsingar við gerð þessarar skýrslu, en það eru sjóðirnir Brunnur, Frumtak, Crowberry Capital, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Eyrir Venture Management, og Iðunn.

Inngangur

Jafnrétti í fjárfestingum sprotafyrirtækja á Íslandi

Skýrsla þessi er uppfærsla á skýrslu sem KPMG vann fyrir Framvís árið 2022. Framvís er meðvitað um þann kynjamun sem er til staðar í fjárfestingum og er markmiðið með skýrslu þessari að auka gagnsæi varðandi fjárfestingar vísisjóða og opna á umræðu til að breytingar megi verða í átt að auknu jafnrétti.

Greining þessi á jafnrétti í fjárfestingum sprotafyrirtækja á Íslandi tekur einungis til tveggja kynja, þ.e. kvenna og karla. Gögnin ná því ekki til annarra kynja, þ.e. kynsegin fólks. Það er vídd sem mikilvægt er að hafa inni í framtíðinni. Þá er jafnrétti mun víðara hugtak en eingöngu jafnrétti kynja og verður því unnið að því að safna frekari gögnum og upplýsingum til framtíðar með það að markmiði að auka jafnrétti í víðu samhengi.



Framvís – Samtök vísifjárfesta

Framvís – Samtök vísifjárfesta - er samstarfsvettvangur engla- og vísifjárfesta sem vinna að því að efla vistkerfi vísifjárfestingar á Íslandi. Samtökin starfa náið með hinu opinbera að stefnumótun og stuðla að vönduðum vinnubrögðum með fræðslu, upplýsingagjöf og gagnasöfnun.

Nánari upplýsingar um Framvís má finna á: www.framvis.is

Vísisjóðirnir

Skýrsla þessi er unnin á grundvelli gagna frá eftirfarandi vísisjóðum:

FRUMTAK
VENTURES



BRUNNUR

EYRIR VENTURE
MANAGEMENT

Nýsköpunarsjóður

KVÍKA
Eignastýring

Efnisyfirlit




Heildartekjur og fjöldi starfsfólks

Hér til hliðar má sjá súlurit yfir samanlagðar heildartekjur og fjölda starfsfólks félaga í eignasafni vísisjóðanna árin 2019 – 2022.


Tölfræðin sýnir að heildartekjur félaga í eignasöfnum vísisjóðanna hafa rúmlega þrefaldast á tímabilinu. Heildartekjur félaganna námu rúmlega 31 milljarði króna á árinu 2022. Hafa þeir hugfast að vísisjóðirnir fjárfesta einkum í félögum sem þróa lausnir og afurðir byggðar á íslensku hugviti. Lausnir og afurðir þessara félaga eru oftast nær ætlaðar til útflutnings og sölu á erlendum mörkuðum. Því má draga þá ályktun að þessar tekjur séu að stórum hluta erlendar tekjur.

Á sama tíma og heildartekjur félaganna hafa þrefaldast hefur fjöldi starfsfólks meira en tvöfaldast. Í lok árs 2022 störfuðu 2.275 einstaklingar hjá félögum í eignasöfnum vísisjóðanna. Miðað er við fjölda starfsfólks þeirra félaga sem vísisjóðirnir áttu hlut í við áramót og eru því ekki talin með stöðugildi hjá félögum sem vísisjóðirnir seldu á árinu.

Heildartekjur (m.kr.)




Fjöldi starfsfólks



Starfsfólk, stjórnendur og stjórnir

Eins og áður kom fram hefur fjöldi starfsfólks þeirra félaga sem eru í eignasöfnum vísisjóðanna meira en tvöfaldast á árunum 2019 – 2022. Hér að neðan má sjá tölfræði um kynjaskiptingu starfsfólks, stjórnenda og stjórna félaga í eignasöfnum vísisjóðanna á árinu 2022.




Fjárfestingastjórnir og stjórnir / fjárfestingaráð

Hér að neðan má sjá kynjahlutföllin hjá vísisjóðunum sjálfum, þ.e. annars vegar á meðal fjárfestingastjóra vísisjóðanna og hins vegar á meðal stjórnna eða fjárfestingaráða miðað við árið 2022.

Í hópi fjárfestingastjóra er starfsfólk vísisjóðanna sem er í daglegu starfi hjá vísisjóðunum og tekur ákvörðun um fjárfestingar. Þau tækifæri sem fjárfestingastjórnir taka ákvörðun um að fjárfesta í fara síðan til samþykktar ýmist hjá stjórn eða fjárfestingaráði. Það er m.ö.o. misjafnt milli vísisjóða hvort það er stjórn eða fjárfestingaráð sem samþykkir ákvörðun um fjárfestingu.

Þessi tölfræði sýnir að kynjahlutföllin hjá vísisjóðunum sjálfum eru nokkuð jöfn. Konur eru til að mynda í meirihluta þeirra sem taka endanlega ákvörðun um fjárfestingar.




Fjárfestingar vísisjóða

Hér til hægri má sjá samanlagðar fjárhæðir heildarfjárfestinga vísisjóðanna á árunum 2019 til 2022. Fjárfestingar vísisjóðanna árið 2022 voru 48 talsins.

Þegar þessi tölfræði yfir fjárfestingar vísisjóðanna er skoðuð má sjá að á árinu 2022 var fjárfest fyrir um 10,2 milljarða króna í nýsköpunarfélögum. Þar af voru um 6,2 milljarða króna í nýfjárfestingum, þ.e. nýjum félögum eða félögum sem vísisjóðirnir áttu ekki hluti í fyrir.

Fjárfestingar ársins 2022 eru mjög sambærilegar þeim frá árinu 2021. Þar var einnig fjárfest um 6,2 milljarða króna í nýfjárfestingum, en endurfjárfestingar voru u.þ.b. 300 milljónum lægri.

Fjárfestingar (m.kr.)



Hlutföll eftir stofnendum félaga

Hér má sjá kynjaskiptingu meðal stofnenda þeirra félaga sem vísisjóðirnir fjárfestu í á árunum 2019 – 2022.

Þó nokkur aukning var í hlutfalli fjárfestinga í félögum sem samanstanda af kvenkyns frumkvöðlum, eða frá 13 upp í 21%.

	Kvenna- teymi	Blönduð teymi	Karla- teymi
2019	14%	24%	62%
2020	15%	26%	59%
2021	13%	25%	62%
2022	21%	21%	58%

Hlutföll eftir fjárhæð fjárfestinga

Hér má sjá hvernig fjárhæðir fjárfestinga vísisjóða skiptast hlutfallslega eftir teyrum.

Þessi tölfræði sýnir meðal annars að af þeim 10,2 milljörðum króna sem fjárfest var fyrir á árinu 2022 fór 68% af því fjármagni í karlkyns teymi. Fjárfestingar í blönduðum teyrum hækka úr 17% í 53% á tímabilinu 2019 – 2021, en lækka svo niður í 25% árið 2022. Fjárfestingar í karlateyrum lækkuðu úr 73% í 45% á tímabilinu 2019 – 2021 en hafa síðan þá hækkað aftur. Aukning varð í fjárfestingum í kvennateyrum frá árinu 2021 en hefur það hlutfall ekki náð fyrra hámarki frá 2020.

	Kvenna-teymi	Blönduð teymi	Karla-teymi
2019	11%	17%	73%
2020	12%	27%	60%
2021	2%	53%	45%
2022	7%	25%	68%

Hlutföll eftir kynningum til sjóða

Hér er að finna tölfræði yfir þær kynningar (e. deal-flow) sem sjóðirnir fengu til sín út frá kynjahlutföllum teymanna.

Tölfræðin sýnir að það er vöxtur í kynningum til sjóðanna frá kvennateymum á sama tíma og þeim fækkar hjá karlateymum. Hlutfall kynninga frá blönduðum teymum breyttist ekki mikið milli 2021 og 2022.

Árið 2021 fengu sjóðirnir áberandi færstar kynningar frá kvennateymum en það sama ár fengu kvennateymi aðeins um 2% af heildar fjárhæðum fjárfestinga þeirra. Fyrir hin árin hefur hlutdeild kvennateyma í kynningum verið hærri og einnig hlutdeild þeirra í fjárhæðum fjárfestinga sjóðanna.

	Kvenna-teymi	Blönduð teymi	Karla-teymi
2019	21%	8%	71%
2020	23%	12%	65%
2021	15%	18%	67%
2022	21%	19%	60%

Samanburður


Hér má sjá samanburð á heildarfjárfestingu vísisjóða og kynningum til þeirra.

Samanburðurinn sýnir að á árinu 2022 fór aðeins um 7% af fjármagninu til kvenkyns teyma þrátt fyrir að 21% af kynningum til sjóðanna á því ári hafi komið frá kvenkyns teyllum.


Á sama ári komu 19% af kynningunum frá blönduðum teyllum og þau fengu 25% fjármagnsins. Þá voru um 60% af kynningunum frá karlateyllum árið 2022 en slík teymi fengu þá um 68% af fjármagninu.

Heildar- fjárfesting


2019




2020







2021



2022



Kynningar (e. deal flow)




■ Kvennateymi ■ Blönduð teymi ■ Karlateymi

Samanburður við Evrópu

Hér til hliðar má sjá samanburð á tölfræði sem finna má í erlendum skýrslum og þeirri tölfræði sem vísisjóðirnir tóku saman og farið hefur verið yfir í skýrslu þessari.

Skipting fjárfestinga vísissjóða í samanburði við Evrópu



Heimild: Unconventional Ventures – The Funding Report. [THE STARTUP FUNDING REPORT \(unconventional.vc\)](https://www.unconventional.vc/)

*2022 H1





KPMG